

Kæru foreldrar og forráðamenn barna í Hörðuvallaskóla

Markmiðið með röltinu er m.a. **forvarnarstarf, efla kynni foreldra**, gefa þeim tækifæri til að **kynnast hverfinu sínu frá öðru sjónarhorni** og síðast en ekki síst **nágrannavarsla**. Með því að vera á ferli á þeim svæðum þar sem börnin halda sig mest, sýnum við þeim að okkur er ekki sama. Þetta brýtur frekar upp það mynstur sem annars yrði ef enginn fullorðinn væri á ferli. Nærvera foreldra er líklegri til að fæla frá landasala og aðra ólöglega starfsemi sem ætlað er að freista unglinganna.

Í nýju hverfi, Kórahverfinu, er mikilvægi foreldrarölds sérstaklega mikið þar sem hvefið er byggt upp af fjölskyldum sem koma víðs vegar að með ólík viðmið, innbyrðist kynni fjölskyldna eru takmörkuð auk þess sem röltið gefur foreldrum tækifæri til að kynnast nýja hverfinu enn betur.

Foreldrarölt er sjálfbóðaliðastarf foreldra. Það er skipulagt af foreldrafélagi í viðkomandi skólahverfi. Markmiðið er að virkja foreldra til samstöðu um að virða reglur um útivist barna og unglunga og að koma í veg fyrir hópamyndun unglunga eftir að lögbundnum útivistartíma er lokið.

- Hafið í huga að börnin okkar verða unglingar fyrr en okkur grunar.
- Látum þau alast upp við það að okkur er ekki sama um hvar þau eru eða hvað þau aðhafast.
- Hjálpumst að við að skapa öflugt og öruggt nærsamfélag í Kórahverfi.
- Takið vel á móti bekkjarfulltrúanum ykkar þegar hann óskar eftir þátttöku skráningu í foreldraröltið. Merkið ykkar röltvaktir strax inn á dagatalið ef svo ólíklega vildi til að ykkar bekkjarfulltrúar sofni á vaktinni.
- Þátttaka í foreldrarölti á föstudagskvöld er hressandi hreyfing og útvera – góð byrjun á góðri helgi ☺. Mæting er við aðalinngang skólans kl. 22:00 á föstudögum.

Foreldrarölt í Kópavogi. Í dag er foreldrarölt í Kópavogi mjög virkt í flestum skólasamfélögum bæjarins. Samráðsfundir eru haldnir 3 sinnum á vetri – í september til að stilla saman strengi fyrir komandi vetur, í janúar til að taka stöðuna á því hvernig hefur gengið og líta fram á veginn og að lokum í apríl. Auk foreldrafélaganna standa lögreglan, forvarnarfulltrúi Kópavogs og ÍTK að samráðshópnum um foreldrarölt. Sjá nánari upplýsingar á heimasíðu SAMKÓP (www.samkop.is)

Umsjónarmaður foreldrarölds Hörðuvallaskóla er:
Heiðar Ásberg Atlason (heidar@logos.is /860-2348)

Munið að foreldrar eru bestir í forvörnum – samtaka, ákveðnir og elskulegir

Með kærri kveðju frá stjórn Foreldrafélags Hörðuvallaskóla